

Umhverfisstofnun
Áb. <i>SF</i>
02 JULI 2004
52.1
Tilv. <i>UST20040600135</i>

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Þráttarvegur 10, 101 Reykjavík
Sími: 591 2000
Félagsími: 591 2100
Netfang: ust@ust.is
Vefur: www.ust.is

1. júlí 2004

Tilvísun: UST20040600135/sf

Efnistaka úr óshólmum Eyjafjarðarár, Eyjafjarðarsveit. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 16. júní sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að fyrirhugað er að taka efni á 15.000 m² s væði fyrir botni Eyjafjarðar í Eyjafjarðarsveit, í lóni sem afmarkast af Leiruvogi til norðurs, Eyjafjarðarbraut eystri til vesturs og brekkurótum Vaðlaskógar til austurs. Áætlað er að taka 41.000 m³ af efni og er það ætlað til uppbyggingar á 2,7 ha landfyllingu fyrir íbúðarbyggð. Við efnistöku mun lónið dýpka um 2-4 metra á því svæði sem hún fer fram, en dælingin sjálf mun taka 5-8 vikur.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir

Náttúruminjar

Fyrirhugað efnistökusvæði er innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá (svæði nr. 510). Í skránni er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt:

„*Hólmarnir, Akureyri, Eyjafjarðarsveit (áður Öngulsstaðahr.), Eyjafjarðarsýslu. (1) Óshólmur Eyjafjarðarár ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinna suður á móts við suðurodda Staðareyjar. (2) Marflöt flæðilönd, árhólmur, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar.*”

Hólmarnir eru einnig á skrá alþjóða fuglaverndarsamtakanna (Bird Life International) yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (Important Bird Areas). Forsendur þess að svæðið er sett á þann lista eru þær að um er að ræða svæði þar sem talið er að dvelji yfir 1% af stofni votlendisfugla, þ.e. jaðrakans.

Leirur í Eyjafirði falla jafnframt undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en samkvæmt henni skulu leirur njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Leirur eru mikilvægir viðkomustaðir ýmissa fuglategunda, einkum vaðfugla, andfugla og máfa, en á undanförunum árum hefur sífellt gengið á slík svæði vegna ýmissa framkvæmda, s.s. landfyllinga. Þau svæði sem eftir eru hafa því sífellt meira verndargildi.

Fuglalíf

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að leitað var eftir upplýsingum um fuglalíf frá Sverri Thorstensen en hann taldi fugla á leirunum fyrir botni Eyjafjarðar á árunum 1994-1999. Samkvæmt þeim upplýsingum er lónið þar sem fyrirhugað er að taka efni u.þ.b. 4% af heildarstærð alls talningarsvæðisins og þar halda sig 6,4% af heildarfjölda þeirra fugla sem taldir voru. Algengustu fuglarnir eru hettumáfur, stelkur, jaðrakan, æður, stormmáfur, sendlingur, lóupræll, sílamáfur, rauðhöfðaönd, kría, skúfönd, silfurháfur, tjaldur, stokkönd, hávella, toppönd. Sjaldgæfar tegundir á svæðinu (innan við 10 einstaklingar af hverri) eru t.d. húsönd, grafönd, sandlóa, tildra, svartbakur.

Sverrir bendir á að fyrrgreindar talningar ná aðeins aðeins yfir þann tíma ársins þegar farfuglarnir eru að koma til landsins en ljóst er að leirurnar eru ekki síður mikilvægar fyrir varpfuglana og unga þeirra þegar líður á sumarið. Samkvæmt upplýsingum sem Umhverfisstofnun fékk vegna umfjöllunar um fyrirhugaða „strandbyggð“ liggur þó fyrir að lónið er mikilvægt fyrir t.d. æður með unga og þangað koma einnig vaðfuglar og máfar inn í fæðuleit.

Umhverfisstofnun bendir á að meðal tegunda sem eru á svæðinu samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum eru tegundir sem eru á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (*Válisti 2 - Fuglar*). Þessar tegundir eru:

1. Húsönd (tegund í hættu).
2. Svartbakur (tegund í yfirvofandi hættu).
3. Grafönd (tegund í nokkurri hættu).
4. Stormmáfur (tegund í nokkurri hættu).

Eins og bent er á hér að framan eru „Hólmarnir“ á skrá alþjóða fuglaverndarsamtakanna (Bird Life International) yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (Important Bird Areas). Forsendur þess að svæðið er sett á þann lista eru þær að um er að ræða svæði þar sem talið er að dvelji yfir 1% af stofni votlendisfugla, þ.e. jaðrakans (*Limosa limosa*), sem nýtir svæðið sem áningarstað (passage visitor).

Fyrirhugað efnistökusvæði er ekki óraskað svæði en þar er þó töluvert fuglalíf. Svæðið er hluti af svæði sem talið er að yfir 1% af stofni jaðrakans nýti og einnig fuglategundir sem eru á valista. Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að fyrir liggi ítarlegri upplýsingar um fuglalíf svæðisins og mikilvægi þess fyrir fugla áður en hægt er að meta hversu mikil áhrif fyrirhuguð efnistaka mun hafa. Afla verður upplýsinga um fuglategundir og fjölda fugla sem nýtir svæðið yfir sumartímenn og meta mikilvægi þess miðað við önnur svæði. Jafnframt þarf að afla nánari upplýsinga um áhrif þeirrar röskunar sem fylgir efnistöku á einstakar tegundir, jafnt varpfugla sem tegunda er nýta svæðið sem áningarstað. Gera þarf betur grein fyrir hlutfallslegri stærð efnistökusvæðisins sjálfs miðað við heildarflatarmál leiru.

Fornleifar

Umhverfisstofnun hefur fengið upplýsingar um að fornleifar sé að finna við fyrirhugað efnistökusvæði. Því er mikilvægt að leitað verði álits Fornleifaverndar ríkisins á fyrirhugaðri efnistöku og framkvæmdum henni tengdri.

Leyfi


Í tilkynningu um framkvæmdina segir m.a. að sækja þurfi um *námuleyfi* til sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar áður en til framkvæmda kemur.

Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka er háð *framkvæmdaleyfi* hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að leggja verði fram ítarlegri upplýsingar um fuglalíf, sbr. ábendingar hér að framan, til að hægt sé að meta hugsanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst,


Sigurros Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs